

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Hvammstanga í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulag austan Norðurbrautar á Hvammstanga.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 12. apríl 2012. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir skólasvæðið sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. júlí 2001. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 1. mars 2012. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 31. maí 2012.

Guðrún Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2012